

WELÖ

FIMMTUDAGUR 26. SEPTEMBER 2019

Tíska



Fyrir umhverfið og þig

www.mena.is



Grínisti í kúrekastíl

Leikarinn og grínistinn Vilhelm Neto sækir mikið í vintage fatnað og er hrifinn af kúrekastíl. Hann fékk tískuvit þegar hann hætti að hugsa um hvað öðrum fannst og fór að taka djarfari ákvarðanir. ➔2

Vilhelm segir að stillinn hans sé í anda „slow fashion“ með kúrekaáhrifum. Hversdagslega er hann einfaldur í klæðaburði og oft í gallabuxum og bol eða peysu með derhúfu. Þegar hann vill vera finn fer hann svo í kúrekaskyrtu og kúrekabindin sem hann hefur safnað gegnum árin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

RIFF

26. sept.	6. okt.	2019
--------------	------------	------

er hafin!

MÍÐASALA Á RIFF.IS

Framhald af forsiðu →

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Vilhelm Neto er hálfur Portúgali og hálfur Íslendingur sem ólst upp í Portúgal til ársins 2008 en býr nú á Þingholtsstræti með kærustunni sinni, Katrine Vedel. Vilhelm er 26 ára og nýkominn úr leikaranámi við Copenhagen International School of Performing Arts, en helstu áhugamál hans hafa alltaf verið kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð og hann hefur vakið mikla athygli með stuttum grínmyndböndum á samfélagsmiðlum. Hann stendur svo fyrir uppistandsýningu með vini sínum í Tjarnarbíói á laugardagskvöld.

Heillaður af kúrekastil

„Ég held að stillinn minn sé kannski blanda af „slow fashion“ með kúrekaáhrifum,“ segir Vilhelm. „Dagsdaglega er ég frekar einfaldur í klæðaburði og er oft í gallabuxum og bol eða peysu með einhverja 5-panel derhúfu. Síðan á ég fullt af næs kúrekaskyrtnum og kúrekabindum sem ég hef safnað mér í gegnum árin og nota við sérstök tilvik. Ég er líka mjög hrifinn af mynstruðum, litríkum skyrtum.“

Ég myndi segja að mínar helstu tiskufyrirmyndir séu Alex Cameron, Kirin J. Callinan og Connan Mockasin,“ segir Vilhelm. „Það eru allt suddalega nettir tónlistarmenn



„Ég kaupir fötin mín helst í vintage búðum. Næstum allt sem ég á hef ég fundið í slíkum búðum.“

og þeir eru allir ástralskir, þannig að kannski er eitthvað í þessum ástralska tónlistarkúltúr sem ég elska. Svo er kannski líka dass af tiskuáhrifum frá Bubba þarna af og til.“

Verslar í vintage búðum

„Ég myndi segja að tiskuáhugi minn hafi heppilega þróast í rétta átt undanfarin ár, en þegar ég var krakki var ég oftast klæddur af mömmu minni, þannig að ég var að bjóða upp á „lúkk“ á hverjum degi!“ segir Vilhelm. „Síðan varð ég unglingur sem fékk að velja fötin sjálfur og þá var tiskan ekki upp á marga fiska. Ég held að ég hafi byrjað að fá skemmtilegra tiskuvit þegar ég fór að þora að taka djarfari ákvarðanir án þess að hugsa um hvað öðru fólki fannst. Það var líka á sama tíma sem ég fór að sanka að mér kúrekaskyrtnum og bindum.“

Vilhelm segir að hann fylgist kannski með tiskunni á annan hátt en margir aðrir. „Ég er til dæmis í nokkrum Facebook-grúppum þar sem fólk deilir myndum af fötum sem það hefur fundið í „vintage“ búðum um allan heim og það kemur fullt af flottum hugmyndum þar inn,“ segir hann. „Ég fylgist líka mjög mikið með tónlistarmyndböndum og þar er yfirleitt nóg af skemmtilegum fatnaði.“

Ég kaupir fötin mín helst í vintage búðum. Næstum allt sem ég á hef ég fundið í slíkum búðum,“ segir Vilhelm. „Það eða ég fer í litlar verslunarferðir með þabba í Portúgal því hann er mjög ákveðinn í að ég fari í verslunarferðir á meðan ég er í heimsókn því allt er svo ódýrt þar. En þá kaupir ég bara eitthvað ef mér list virkilega á það.“

Eins og ungur Bieber á sterum

Hvaða litir eru helst í uppáhaldi hjá þér?
„Ég elska, elska, elska blóðrauðan, ég man aldrei hvað liturinn heitir á íslensku en á ensku heitir hann „maroon“,“ segir Vilhelm. „Mér finnst það alltaf svo tignarlegur og nettur litur.“

Attu minningar um gömul tiskuslys?

„Ég held að versta tiskuslysið hafi verið langa og lubbalega hárið mitt þegar ég var unglingur,“ segir Vilhelm. „Sítt háir er flott, en mitt var eins og ungur Bieber á sterum.“

Hvaða flik hefur þú átt lengst og notar ennþá?

„Ég held að það séu nú bara stuttermabolir sem ég hef fengið



Vilhelm byrjaði að safna kúrekaskyrtnum og bindum þegar hann hætti að hafa áhyggjur af álitni annarra og fór að klæða sig eins og honum sýndist.

frá frænda mínum. Ég var einmitt í gömlum HAM-bol bara um daginn,“ segir Vilhelm.

Attu þér uppáhalds fataverslanir?

„Hér heima myndi ég segja að það sé aðallega Wasteland og Spúútnik, en svo er ég líka stór aðdáandi ORG í Kringlunni,“ segir Vilhelm.

Attu þér uppáhaldsflik?

„Já, það er svarta kúrekaskyrtnan mín, sem ég er klæddur í einmitt núna,“ segir Vilhelm.

Hver voru bestu fatakaupin þín? En þau verstu?

„Bestu fatakaupin hafa alltaf verið vintage föt eða bindi sem ég hef keypt frá fólki, til dæmis frá Texas,“ segir Vilhelm. „Verstu fatakaupin voru kannski þegar ég keypti bol hjá Zara fyrir löngu, en hann var ekki saumaður rétt, sem fékk mann til að hugsa að vinnu aðstæður hjá þeim væru örugglega ekki góðar.“

Hvað finnst þér einkenna klæðnað ungra karlmanna í dag?

„Mér finnst eins og emo-tískan sé að koma aftur á nýrri og tækni-væddari máta,“ segir Vilhelm. „Ég verð mikið var við emo-blæbrigði í karlatísku núna.“

Eyðir þú miklu í föt?

„Nei, alls ekki. Ég reyni að nota allt sem ég á, enda er óþarfi að vera alltaf að kaupa föt,“ segir Vilhelm.

Notar þú fylgihluti?

„Já, kúrekabindin mín,“ segir Vilhelm. „Ef ég vill vera finnst þá fylgja þau alltaf með.“

Uppistand um helgina

Vilhelm og vinur hans Stefán Ingvar verða með uppistand um helgina. „Við verðum með sýningu næsta laugardag, 28. september, í Tjarnarbíói,“ segir Vilhelm. „Sýningin heitir Endurmenntun og þar munum við fjalla um uppeldi okkar og síðustu árin. Það er hægt að kaupa miða á sýninguna á tix.is og við viljum endilega sjá sem flesta, það væri skemmtilegt að fylla salinn upp á stemningu.“

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóska og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA. Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618



NÝJAR VÖRUR STREYMA INN

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Fólk er kynningarbláð sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Sölumenn: Amar Magnússon, amarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653, Torg ehf

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768



KÁPUDAGAR

10-30% afsláttur af öllum kápum!



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

OPNUM AFTUR Á MORGUN með nýja rétti

Opnunartími 11.30 – 21.00
Lau og Sun. 17.00 – 21.00

Kikið nýja matseðil á. banthai.is
smelltu á yummi menu
S: 588-2121
Hverfisgata 123 við Hlemm



ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT OG SPENNANDI

NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

My Style tiskuhús

mystyle f
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

ROBELL

dömubuxur

Str. 36-52/54 • Fleiri litir



Kr. 7.900.-

Kr. 9.800.-

Kr. 12.900.-



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Dúnvesti heitari en ítölsk jakkaföt

Dúnvesti virðast orðin stöðutákn milljónamæringa sem vilja einfaldan klæðaburð en samt sýna stöðu sína með því að ganga í dýru vesti sem ekki er á allra færi að kaupa.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Lúxus vörumerki og tiskurisar eru farnir að hafa dúnvesti sem hluta af fatalínu sinni. Þetta eru merki eins og Canada Goose, Balenciaga, Burberry og Prada. Sala á dýrum dúnvestum hefur aukist gríðarlega undanfarið á en Moncler-vestin eru vinsælust í röðum lúxusmerkja sem framleiða dúnvesti. Sala á þeim jókst um 27% á síðasta ári. Ódýrari dúnvesti frá merkjum eins og North Face njóta líka aukinna vinsælda hjá fólki sem hefur minna milli handanna.

Dúnvesti urðu til í kjölfar dúnúlpunnar sem var fundin upp af ástralska efnafræðingnum George Finch árið 1922. Upphaflega voru dúnúlpur og dúnvesti aðallega notuð af útivistarfólki, en hvernig stendur á því að dúnvestin eru orðin að því stöðutákni sem raun ber vitni? Því velti stílistinn Victoria Hitchcock fyrir sér í grein sem birtist nýlega á vefnum business-offashion.com. Hitchcock hefur unnið mikið með sérfræðingum í Silicon Valley en vestin eru það allra heitasta tiskunni hjá karlmonnum í háum stöðum þar.

Vestin hafa orðið mjög vinsæl í tæknigeiranum á síðustu fimm árum. Hitchcock telur eina ástæðuna mögulega vera þá að menn sem ólust upp við að horfa á Marty McFly í rauða dúnvestinu sínu í Back to the Future kvikmyndunum frá 9. áratugnum eru á þeim aldri að margir eru komnir í góða stöðu og hafa efni á vestunum, sem eru hálfgerð nostalgia til æskuára þeirra.

Tiskuráðgjafi hjá Bloomingdales sagði að ein hugsanleg ástæða fyrir vinsældum vestanna væri sú að áður fyrr leit fólk frekar upp til milljónamæringanna á Wall Street. Þeir gengu um í dýrum jakkafötum sem urðu þá eins konar einkennisbúningur milljónamæringa. Í dag horfir fólk aftur á móti frekar upp til þeirra sem hafa þenað fúlgur í tæknigeiranum. Þessir menn, eðli vinnu sinnar samkvæmt, klæðast gjarnan hversdagslegri fötum. Þeir velja þá mögulega dýr dúnvesti til að sýna að þeir eigi pening.

Hitchcock segir að hún hafi í vinnu sinni sem stílisti hjá Silicon Valley reynt að stinga upp á öðrum flikum en dúnvestum eða í það minnsta að stinga upp á ódýrari vestum eins og þeim frá North Face við viðskiptavinum sínum, en hún segir það ekki hafa borið mikinn árangur. Það virðist vera málið með dúnvestin hjá forriturum eins og ítölsku jakkafötin hjá verðbréfamiðlurunum. Því dýrari því betri.

Það muna eflaust margir eftir rauða dúnvestinu hans Marty McFly.



Tónlistarmaðurinn Sean John Comes einnig þekktur sem P. Diddy, Puff Daddy eða Love, notar oft dúnvesti. NORDICPHOTOS/GETTY



Jeff Bezos, stofnandi Amazon, er hér í dúnvesti.

Opnunartímar í dag
Glerártorg 10-18:30
Kringlan 10-21

NÝ SENDING!

FRÁBÆRT úrval af nýjum skokkum kjólum og úlpum fyrir veturinn!

ZIKZAK
TÍSKUHÚS



ÚLPA
12.990,-
Stærðir 36-56



Margslungið menningartákn

Talið er að hettan hafi komið fram á sjónarsviðið fyrir að allt að 3.000 árum. Þessi sígildi höfuðbúnaður þjónar ýmsum tilgangi er þó langt frá því að vera óumdeildur.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Fram að 20. öldinni var hettan fyrst og fremst hluti af kuflium. Dæmi eru um notkun hettunnar frá Rómaveldi og tengja margir hettuna við miðaldir og ákveðna þjóðfélagsþópa, eins og munka og nunnur.

Myrku hliðar hettunnar

Þrátt fyrir að það sé, og hafi verið, allur gangur á því, þá hefur hettan líka oft verið talin eða túlkuð sem hluti af búningum böðla. Sennilega var og er þó algengara að böðlar hylji andlit sitt alveg, ef þeir gera það á annað borð.

Þá hefur hettan verið notuð af mannræningjum á fórnarlömb eða jafnvel við pyntingar eða yfirheyrslur en í báðum tilfellum hylur hún gjarnan að auki augun, í það minnsta. Lambhúshettan, sem hylur allt nema munninn, er svo önnur gerð hetta sem vekur upp mikinn óhug en hún er, í hugum fólks, nátengd ímyndinni af innbrotshöfudum, mannræningjum, hryðjuverkamönnum og morðingjum, svo eitthvað sé nefnt.

Hettan getur þannig verið ansi hrollvekjandi og er hún einnig samofin hinna sígildu en óhugnanlegu táknmynd af manninum með ljáinn. Ein þekktasta kvenpersóna úr heimi ævintýrana er svo vita-skuld Rauðhetta sem, eðli málsins samkvæmt, notaði sannarlega hettu.

Uppruni hettupeysunnar

Undanfarna áratugi er hettan þó í hugum flestra, ekki síst á Vesturlöndum, einna helst tengd hettupeysunni. Bandaríska fatamerkið Champion er talið hafa framleitt fyrstu eiginlegu hettupeysuna á fjórða áratugnum og var hún upphaflega hugsuð fyrir og notuð af verkamönnum sem unnu utan-dyra eða í köldum vöruhúsum í New York. Hettupeysan náði fljótt vinsældum meðal íþróttamanna og meira að segja við þjálfun hermanna.

Á áttunda áratugnum var hettupeysan svo gerð ódaudleg í myndunum um hnefaleikakappann Rocky. Þá hefur hún einnig lengi notið vinsælda í hjólabretta-



Hettan er órjúfanlegur hluti hefðbundinna nunnuklæða. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Hettupeysan er meðal annars táknræn fyrir hakkara.

heiminum, hjá breikdönsurum og hjá veggjalistamönnum.

Hettupeysan var líka og er mikið notuð innan ýmissa tónlistar- og menningarsena á borð við hipphopp, pönk og harðkjarnatónlist. Hettupeysan er að mati margra auk þess táknræn fyrir tölvuhakkara og mótmælendur. Þá kannast ýmsir líka við hinn hettupeysuklædda Kenny úr teiknimyndabáttunum South Park.

Það kemur því varla á óvart að hettupeysan sjáist reglulega á tiskupöllum, enda löngu orðin að sigildum og órjúfanlegum hluta ótalmargra menningarkima.

Handhægur griðastaður

Hettupeysunni getur fylgt ákveðin öryggiskennd. Hettan hylur stóran hluta höfuðsins og veitir notandanum vissa vernd eða skjól gegn umheiminum ef svo má komast að orði. Notkun hettupeysa er því gjarnan algeng meðal þeirra sem þjást af kvíða og þá helst unglunga.

Þá getur hettupeysan verið einstaklega gagnleg þegar napurt er í veðri og viðkomandi kannski ekki með húfu eða annan höfuðbúnað. Það sem gerir hettuna svo enn betri en annan höfuðbúnað er sú staðreynd að hún er iðulega föst við peysuna eða yfirhöfnina og því þarf ekki að bera hana og hægt er að setja hana upp og taka niður á fljótan hátt án mikillar fyrirhafnar.

Það eru þó ekki allir jafn hrifnir af hettunni. Til dæmis eru kennarar almennt ekki miklir aðdáendur hettunnar, né lögreglu- eða afgreiðslufólk og eru dæmi um að notkun hettupeysa hafi verið bönnuð í verslunarmiðstöðvum og skólum.



Ævintýrið um Rauðhettu er sígilt.



Hettupeysan varð að sameiningartákni í morðmáli Trayvon Martin í Bandaríkjunum árið 2010.

Hettan og hleypidómar

Myrkustu hliðar hettupeysunnar tengjast þó eflaust þeim forðómum og tortryggni sem ungir, iðulega hörundsökkir, menn mæta. Hettupeysan hefur af sumum verið talin merki um uppreisnargjarna vandræðauglinga og getur tortryggni af því tagi haft í för með sér skelfilegar afleiðingar.

Þetta var einmitt eitt af því sem margir töldu hafa spilað inn í þegar hinn 17 ára Trayvon Martin var skotinn til bana árið 2010. Martin virtist ekkert hafa til saka unnið annað en að klæðast hettupeysu með poka af Skittles í vasanum.

Fréttamaðurinn Geraldo Riviera hélt því fram að hettupeysan hefði átt stóran þátt í morðinu og hvatti foreldra afrísk- og rómansk-amerískra unglunga til að sjá til þess að börn þeirra klæddust ekki peysum af þessu tagi.

Hettupeysan varð í því tilfalli að eins konar sameiningartákni meðal mótmælenda sem kröfðust svara og videigandi refsingar morðingja hans. Fjöldi fólks kom saman, iklætt hettupeysum, til stuðnings baráttu sem virðist því miður ekki enn sjá fyrir endann á.



Maðurinn með ljáinn klæðist kufli með hettu.



Siðfesta 2020 (heiðin ferming)

Kynning á siðfestuathöfn Ásatrúarfélagsins verður haldin laugardaginn 28. september kl 12:00 í Síðumúla 15.

Allir áhugasamir eru hvattir til að mæta.

Hægt er að skrá sig í fræðslu vetrarins á staðnum.

Ásatrúarfélagið

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensinvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjú litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 228.000,-

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Hreingerningar



Gólfvottavél sem auðveldar þrif og sparar tíma.
Pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki



AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ.
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

SKRÚÐGARÐYRKJA OG RÁÐGJÖF.

Tek að mér haustklippingar, þrif á lóðum og alla almenna garðyrkju og tek einnig að mér ráðgjöf varðandi stærri breytingar.

Hjörleifur Björnsson
skrúðgarðyrkjufraeðingur
s:662-6625

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta
- proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu 2ja herb. íbúð, langtímaleiga. Vesturbær Kóp. Tilboð og uppl. í síma: 692-6910

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Ford Kuga Titanium S

Nýskráður 11/2016, ekinn 64 þús.km., diesel, sjálfskiptur.

Verð
kr. 3.490.000

Afborgun kr. 43.927 á mánuði.*



Honda CR-V Executive

Nýskráður 1/2018, ekinn 24 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð
kr. 4.990.000

Afborgun kr. 62.740 á mánuði.*



Honda CR-V ES

Nýskráður 9/2005, ekinn 225 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð
kr. 490.000

Allt að 100% fjármögnun í boði.*



KIA Optima SW Lux

Nýskráður 6/2017, ekinn 55 þús.km., diesel, sjálfskiptur.

Verð
kr. 3.790.000

Afborgun kr. 47.690 á mánuði.*



Honda CR-V Executive

Nýskráður 3/2008, ekinn 171 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð
kr. 990.000

Allt að 100% fjármögnun í boði.*

NÝSKÖPUNARMÓT

Nýsköpunarmót opinberra aðila og nýskapandi fyrirtækja

Fimmtudaginn 3. október á Grand Hótel kl. 13-16.

Vettvangur fyrir opinbera aðila og fyrirtæki til að efla nýsköpun í opinberum rekstri.

Opinberir aðilar setja fram verkefni (áskoranir) og óska eftir fjölbreyttum lausnum frá frumkvöðlum og fyrirtækjum.

Bókaðu hraðstefnumót (Match Making) með áhugaverðum samstarfsaðilum á www.nyskopunarmot.is.

Nú þegar hefur fjöldi opinberra stofnana og fyrirtækja skráð sig.

Vertu með og skráðu stofnun þína eða fyrirtæki til leiks sem fyrst
www.nyskopunarmot.is



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands



RÍKISKAUP



NOTAÐIR BÍLAR

Bílaáskjalarnum • Eirhófa 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is



Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Hólasandslína 3 í Akureyrarbæ, Eyjafjarðarsveit, Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matskýrslu Landsnets hf. er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurlandsbraut 34 / Ármúli 31 - deiliskipulag lýsing

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. september 2019 og borgarráðs þann 12. september 2019 var lögð fram lýsing vegna breytingar á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar34/Ármúla 31, reitur 1.265. Í skipulagslýsingunni eru fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi tilgreindar. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að þétt ný blönduð byggð rís í stað atvinnuhúsnæðis.

Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svar umsagnaraðila óskast fyrir 10. október 2019.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is/skipulag í kynningu

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST
Ráðningar

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is



Gúmmibelti


- Fyrir smágröfvar

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.

Tekur venjulegt GSM SIM kort, Hægt að panta mynd eða hlusta svæði. SMS og MMS viðvörn í síma og netfang. Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist. Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara. Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl. Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn. Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is



Göngubraut: 69.500,-

Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bildshöfða 16, Rvk.



Snyrti & Nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plockun
- Tilboð 9.500,-
- Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.
Tímápananir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is